

Hestamannafélagið Spretur - Fundargerð

Stjórnarfundur nr.16, haldinn þriðjudaginn 12.11.2013 kl. 17:30 á Kjávöllum.

Mættir til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Guðmundur Hagalínsson, Hannes Hjartarson og Hermann Vilmundarson. Forföll boðuðu Þorvaldur Sigurðsson, Brynja Viðarsdóttir og Ingibjörg G Geirsdóttir.

Á fundinn mættu undir liðnum Mótanefnd þær Ásgerður Gissuraradóttir og Hrafnhildur Pálsdóttir og undir liðnum Merki félagsins mætti Gréta Guðmundsdóttir.

1. Mótanefnd.

Fjöldi nefndarmanna þarf að vera allt að 14 manns til þess að ná æskilegri verkaskiptingu. Útlit er fyrir að það markmið náist. Farið var yfir mótadaga vetrarins og framkvæmd móta.

Karlatölt – Ákveðið að stofna nefnd til að sjá um mótið. Fá Gunnar Mát til forustu (HH)

Kvennatölt – Ákveðið að stofna nefnd til að sjá um mótið. Tala við Huldu Geirsdóttur (GH)

Æskulýðstólmót 24. apríl – Ákveðið að taka af dagskrá, stutt í 1. maí æfingamót (HV)

Unghrossakeppni 2. maí – Í umsjón hrossaræktardeildar félagsins. Setja á dagskrá (HV)

Firmakeppni – Mótanefnd sjái um framkvæmd mótsins, Firmanefnd safnar fyrirtækjum.

Farandbikarar vegna Íþrótt- og Gæðingakeppni. Mótanefnd listi upp þær greinar þar sem farandbikar er veittur. Finna þarf styrktaraðila til að fjármagna bikar kaup.

Innkaup verðlaunabikara. Rætt um að kaupa bikara beint erlendis frá eins og gert var fyrir Metamótið. Til athugunar fyrir Mótanefnd.

2. Merki félagsins.

Tilbúið til birtingar. Sýndir nokkrir notkunarmöguleikar. Samþykkt að Gréta þrói áfram hugmyndir að notkun merkisins, m.a. á klæðnað og borðbúnað til markaðssetningar á netinu.

3. Haustfundur.

Samþykkt að almennur félagsfundur verði haldinn miðvikudaginn 20. nóvember kl. 20:00.

Á dagskrá verði m.a. staða framkvæmda við reiðhöll (Guðni Eiríksson), merki félagsins kynnt (Gréta Guðmundsdóttir), félagsstarfið framundan og farið yfir skipan nefnda.

Auglýsa fundinn á heimasíðu félagsins (GH)

4. Starfsmannamál.

Samþykkt að auglýsa eftir framkvæmdastjóra í hlutastarf. Gera tillögu að auglýsingu (SS)
Setja upp netfang til að taka við umsóknum (GH)

5. Áhorfendapallar í reiðhöll.

Unnið er að útfærslu áhorfendapalla. Til að sæti uppfylli bygginarreglugerð verða þau að vera fellanleg (líkt og í Egilshöll)

6. Móttökusalur í reiðhöll.

Samþykkt að fá fulltrúa Kvennadeildar til að skoða skipulag og aðstöðu móttökusalur með innanhúsarkitekt (Eddu Ríkharðsdóttur) og verkefnastjóra Jáverks (Jóni Albert) (SS)

7. Vígsla reiðhallar.

Stefnt er að vígslu reiðhallar þann 1. febrúar 2014. Skipa þarf undirbúningsnefnd fyrir þann viðburð. Frestað.

8. Íþróttamaður ársins.

Tilnefna þarf íþróttakaril og íþróttakonu ársins úr röðum hestamanna í Garðabæ og Kópavogi, auk þess sem tilnefna þarf fulltrúa í yngri aldursflokki í Kópavogi.

Samþykkt að auglýsa eftir árangri félagsmanna á mótum ársins og senda tilnefningar í samræmi við reglur Íþróttaráða sveitarfélaganna (HH og HV)

10. Framhaldsskólamótið 2014

Beiðni hefur borist frá framkvæmdaaðila Framhaldsskólamótsins 2014 um afnot af nýju reiðhöllinni þann 29. mars. Samþykkt (SS)

11. Æskan og hesturinn 2014.

Samþykkt að fela Æskulýðsnefnd verkefnið. Hafa samband við formann nefndarinnar (SS)

12. Hestadagar 2014.

Tilnefning fulltrúa félagsins í undirbúningsnefnd. Samþykkt að fá Ingibjörgu Geirsdóttur til setu í nefndinni (HH)

13. Umhverfisnefnd.

Erindi hafa borist frá Umhverfisnefnd. Samþykkt að boða fulltrúa nefndarinnar á næsta reglulega stjórnarfund eftir 2 vikur (GH)

14. Dagskrá 2014

Dagskrá (viðburðadagatal) Spretts 2014 liggur að mestu fyrir. Verður kynnt á félagsfundi 20. nóvember n.k. og á heimasíðu. Verður borin í öll hesthús um áramót.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 19:45

Fundargerð ritaði Guðmundur Hagalínsson

Verkefnalisti

Karlatölt – Tala við Gunnar Má og fá hann til að stýra nefndinni.	Hannes
Kvennatölt – Tala við Huldu Geirsdóttur og fá hana til að stýra nefndinni.	Guðmundur
Æskulýðstölmót 24. apríl. – Taka af dagskrá.	Hermann
Unghrossakeppni 2. maí – Setja á dagskrá	Hermann
Félagsfundur 20.11. – Auglýsa á heimasíðu	Guðmundur
Félagsfundur 20.11. – Bóka salinn í Glaðheimum	Hermann
Félagsfundur 20.11. – Safna upplýsingum um nefndafólk	Hermann
Félagsfundur 20.11. – hafa samband við Guðna Eiríksson	Sveinbjörn
Auglýsa starf framkvæmdastjóra - Semja auglýsingu	Sveinbjörn
Netfang fyrir umsóknir um starf framkv.stj.	Guðmundur
Móttökusalur í reiðhöll – Kvennadeild skoði skipulag og aðstöðu	Sveinbjörn
Íþróttamaður ársins – Tilnefningar fyrir Gbæ og Kóp.	Hannes og Hermann
Framhaldsskólamót 2014 – 29. mars – hafa samband við mótshaldara	Sveinbjörn
Hönnun keppnisnúmera – Hafa samband við Grétu	Sveinbjörn
Hestadagar – Ingibjörg Geirs fulltrúi Spretts	Hannes
Umhverfisnefnd – boða fulltrúa hennar á næsta stjórnarfund	Guðmundur